

Verklagsreglur um skólasókn hjá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar

Skilgreining á skólaforðun

Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir þegar mæta á í skólann. Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma. (Kearney, Albano 2007).

Snemmtæk íhlutun og forvarnir gegn skólaforðun í skólum Fjarðabyggðar

Í skólum Fjarðabyggðar er sérstök áhersla lögð á snemmtæka íhlutun og forvarnir gegn skólaforðun með það að markmiði að greina vanda barna og fjölskyldna áður en vandinn verður langvarandi og bitnar á uppeldis- og þroskaskilyrðum barna.

Í skólunum er lögð áhersla á góða líðan nemenda sem forsendu þess að viðkomandi geti tekist á við námið. Lögð er áhersla á gott samstarf heimila og skóla og mikilvægi þess að foreldrar og kennarar séu vakandi yfir þáttum í fari barna og unglunga sem bent gætu til þess að ástæða sé til að grípa inn í áður en að vandinn verður til eða vindur upp á sig.

Í skólunum er í gildi viðbragðsáætlun vegna fjarvista fyrir nemendur. Jafnframt er lögð rík áhersla á það að allar leyfisbeiðnir fyrir nemendur séu rafrænar. Þetta er mikilvægt vegna lögbundinnar skjalavistunar, en jafnframt til þess að formgera og bæta upplýsingar um leyfi nemenda frá skóla.

Skólaskylda og ábyrgð foreldra

Mikilvægt er að heimili og skóli vinni vel saman og hvor aðili um sig sé meðvitaður um réttindi og skyldur sínar gagnvart nemendum. Í grunnskólalögum nr. 91 frá 2008 er fjallað um ábyrgð foreldra hvað skólasókn varðar.

Í 19. gr. grunnskólalaga segir:

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra... Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnarsýslulaga við meðferð málsins.

Í 3. mgr. 18. gr. sömu laga stendur:

Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.

Um leyfi nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar

Mikil fjarvera frá skóla hefur samkvæmt rannsóknum neikvæð áhrif á upplifun nemenda af skólagöngunni og slæm áhrif á líðan þeirra, námsárangur og félagslega stöðu þeirra. Það er því mikilvægt að hafa skýrt verklag þegar foreldrar/forráðamenn óska eftir leyfi fyrir nemendur frá grunnskólanámi. Í grunnskólalögum kemur fram að skólastjóra er heimilt í ákveðnum tilfellum að veita undanþágu frá skólasókn, sjá 15. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Skila skal inn rafrænni umsókn um leyfi frá skóla ef um einn eða fleiri daga er að ræða.

Á heimasíðu skólans eru leiðbeiningar varðandi leyfi nemenda og leyfisumsókn undir tenglinum <https://www.bsskoli.is/is/skolinn/umsokn-um-leyfi>. Mikilvægt er að foreldrar ígrundi vel umsóknir um leyfi á skólatíma og verði tímanlega í umsóknum ef þeirra er þörf.

Verklag í skólum Fjarðabyggðar um mætingu nemenda

Grunnskólar Fjarðabyggðar hafa komið sér upp samræmdu verklagi þegar mæting nemenda er ábótavant og jafnframt er óskað er eftir samvinnu við foreldra um að draga úr leyfisbeiðnum á skólatíma.

Nýtt verklag gerir ráð fyrir að ef nemandi hefur verið 7-9 daga frá skóla, án gildra ástæðna, þá upplýsir umsjónarkennari foreldra um skólasókn. Hafi nemandi verið 10-15 daga frá skóla, án gildra ástæðna, boðar umsjónarkennari til fundar með foreldrum. Ástæða fjarvista er rædd og mögulegar úrbætur. Námsleg og félagsleg staða nemanda er metin og viðeigandi stuðningur veittur ef þörf er á.

Ef fjarvistir halda áfram og nemandi hefur verið 16-20 daga frá skóla, þá eru foreldrar og eftir atvikum nemandi boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnendum skóla þar sem vandinn er greindur og úrræði til úrbóta rædd. Gerður er skriflegur samningur um úrbætur sem gildir til skamms tíma, 3-4 vikna hið mesta.

Það er til mikils að vinna að ná fyrir vandann áður en hann verður alvarlegur og langvinnur og hefur mögulega langvarandi áhrif á þroska og framtíðarmöguleika barnsins eða unglingsins. Lang oftast er hægt að snúa þróuninni við með léttvægum aðgerðum og ráðleggingum þegar tekið er á vandanum í upphafi hans.

Foreldrar/forráðamenn geta fylgist vel með ástundun barna sinna í gegnum Mentor.

Það er von okkar í grunnskólum Fjarðabyggðar að nemendur og foreldrar/forráðamenn taki vel nýju verklagi og það megi leiða af sér betri líðan og velferð barna og fjölskyldna í Fjarðabyggð.